

Ljóðmæli 5

Myndir

RÆUDGULT KJARRID SLÆR Á SLÉTT
SLÍPÆÐ MARIÐ TÆRA.
LITAR SÓLGULT LYNGIÐ BLETT
Í LOGNSTILLT HAFIÐ VÆRA.

Myndir

Ýmsar myndir, mest náttúrumyndir

Haustmynd

Í kjarrinu er karri einn,
að kroppa ber og lyngið,
hrafn í flýti svífur seinn,
að setja krummaþingið.

Himininn er heiður mjög
hreyfist varla bára,
sjófugl bærir sjóalög
og sést þá lítil góra.

Rauðgult kjarrið slær á slétt
slípað marið tæra.
Litar sólgult lyngið blett
í lognstillt hafið væra.

Á hvolfi fjöllin mála mar,
er mætast haf og tindar.
Í hlíðum ómar svansins svar,
sólin fagra blindar.

Haust

Ilmur haustsins heilsar mér
hrikta lauf í gjólu.
Týna má hin bláu ber,
er blána neðan hólu.

Best er angan berjalyngs
er bærast haustsins vindar.
Hressir ómur hrafnaþings
hvítна fjallatindar

Gult og rauft er laufblað laust,
ljúft í vindi skoppar.
Litafegurð, hreint er haust
og hreinir fjallatoppar.

Hauststemma

Alkulið nálgast nú napurt
nýmóðins grána enn hjallar.
Verkamenn fóru frá fróni
í flóttanum mikla.

Kuldaleg stórhýsin stara
og stillasar braka í vindi.
Hátt fljúga þakplötur hráar
og hringa sig niður til sjávar.

Norðurljósin

Í vetrarkulda víst er tært
vakir máninn bjartur.
Norðurljósin lýsa skært
logar himinn svartur.

Morgunstemming

Daggir morguns drjúpa vel af fjólu.
Fölgræn grös með fögur tár
fagna komu sólu.

Draumur

Austur í Flóa fiskuðu vel
frændurnir í draumi,
í norðangarra næddi él
net drógu undan straumi.

Árstíðir

Í vetur fannst mér vindar hraust
en vorið það var endalaust.
Sumar fagurt söng við raust
síðan kom hér vætuhaust.

Á grunnsævi.

Brúngulu þorskarnir bærast í hafi,
brimaldan gælir við tálknin vínræð.
Beiskur og glitrandi sæbjúgusafi
svífur um netið og hrognanna frauð.

Þorskarnir brúngulu berjast og sjúga,
brytja svo ígulkers tindrandi prjón.
Glitrandi skvapkennd og bragðgóð ein bjúga,
bíður og kallar á einbúans þjón.

Péturskip flakkar sem fullburða skata,
flýtur og drekkur sitt næringarsaft.
Ráétnir þorskarnir berjast við bata,
brúngula lingana þverra mun kraft.

Hvergi er pláss fyrir hrognkelsið litla,
hrikaleg krabbakló bítur mjög fast.
Netmöskvar rauðmagann núna mjög kitla,
núna mun þurrlingur draga sitt kast.

Sól við sæ

Á hafflöt gerir gárur
gjólan og vill dóla
bærast gular bárur
bólið þúsund sóla.

Gullin sunnan glennir
glæðir hjartabréði
birtan sortan brennir
blæðir gulu klæði.

Náttúrumynd

Garmurinn hann geltir hátt
gólar, kveinar, æpir.
Selurinn hann svamlar kátt
syndir, bítur, kæpir.

Yfir tinda

Kíkir yfir kalda háa tinda.
Tunglið bíður, brosir glatt,
bakvið ský og vindar.

Bjartsýnísrimur

Ilmur vorsins vitin fylla
vænkast bágur hagur
volgan kemur, veðrastilla
víst þá lengist dagur.

Hverfur ljóta húmið dökka
hækkar sólin bljúga.
Gróandinn og grasið stökka
glæstir fuglar fljúga.

Vellir spóinn, vælir kjóinn,
vel er lóan sungin.
Út við sjóinn, sýnir þjóinn
sendlingsmjói unginn.

Sólin blindar, selir lynda
sjúga kindur lömbin.
Hrafnar tinda, hreiðrin binda
horfin vinda drömbin.

Roðatindar

Roða slær á risana og ræsir tinda
kóparnir í sjónum synda
sælir þeir í vatni lynda.

Sveitasæla

Grænum túnum geng ég eftir grös í blóma
Sjórinn líktist lygnum rjóma
ljúfir söngvar fugla hljóma.

Sveitamyn dir

Tottar litla lambið grátt
ljómagula gimbur.
Í fjarska teygist fjallið hátt
í fjörunni er timbur.

Söngur fugla fagur er
fagra sumar daga.
Gæsir narta bláma ber
beljur jórtá'í haga.

Á fjörusteini sit ég sæll
sveifla prik og veiði.
Lóu eltir lóupræll
nú liggur þoka'á heiði.

Lóan mín er ljúf og góð
og lætur tíman líða.
Þegar hún á hólnum stóð,
hressist sumars blíða.

Sjávarmyndir

Hlýnar núna hafið blátt
halda skal til sjávar.
Duggan litla siglir sátt
- sjá þar drita mávar.

Tístar lítill tyrðill nú
trönu sílið eltir
kann hann hring og kviðasnú
um kaldan sjó sér veltir.

Vetrarmynd

Norðan bylur, hríð og hélt
heldur áfram Góa.
Sólskin, rigning, rok og él
rysjótt tíð til sjóa.

Við fjörðinn

Yndislegan fagran fjörðinn,
feimin baðar sólin gul,
fagurgræn og gul er jörðin,
gægjast upp nú blómin dul.

Sjávarmynd

Særinn garmagrár er yfirlitum,
rennur saman himinn, haf,
hvít er ljós frá vitum.

Vetrarmynd

Hrannast skýinn, himinbláminn víkur.
Núna kemur sjaldnar sól
sjórinn upp þá rýkur.

Lægir

Detta niður hvassar hviður,
hávellan brátt syngur
mávakliður kyrrð og friður,
koðnar öldubingur.

Áin

Áin byrjar brött en grunn,
brýst hún niður ansi þunn,
verður neðar væn og kunn,
veltir útí fjarðarmunn.

Gamall gandur

Fúinn viður foknar dræsur fallinn standur
illa morkinn gamall gandur
grár og hvítur fjörusandur

Morgunmynd

Gull um morgan gleður oft
gægist sólin upp við fjöll.
Hressir döggin, hreint er loft
hátt nú kallað jörðin öll.

Kuldhret

Vorblóm upp úr votri mold nú skríða.
Bráðum kemur bölvað hret
og bylur milli hríða.

Birtir

þyngsl í lofti - þokan svört
þekur heiði væna.
En sólin kemur bráðum björt
að blíðka hagan græna.

Móða

Móða upp um allar hæðir
ekki björt
Köld um gráa kletta æðir
kisan svört.

Tófan

Læðist lævís tófa
létt um kletta svarta
ætlar egg að tyggja
auða rauðu sleikja.
Skokka skakka bjargið
skríða víða gjótu
grípa gljúpa ungann
glefsa refsa harðar.

Bátur

Inn við höfn er hjarta landsins hreint að vanda.
Nú sé bústinn bát að landa.

Foss

Bullar foss í stríðum straum, samt stirðnar klaki.
Finnst mér líkt og frostið leki
og fannir verði að glæru bleki.

Sekkur tungl

Sekkur tungl og svífa hrafnar sælt um heiðar.
Meðan vindur gnýstir, gnauðar,
gárast bárur fagurrauðar.

Hvassviðri

Bálhvasst er og bárujárníð fokið,
margan grikkinn gerir mér,
gusturinn og rokið

Sléttur fjörður

Sléttur fjörður, fægjaður og fagur spegill
himnafaðir dró þar dregil,
dröfnóttur var klúta þvegill.